

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fh) þann 1. júlí 2021 vegna uppfærslu á heildarkjarasamningi félagsins frá 1. janúar 2021 til 31. mars 2023. Samskipti fóru fram tölvupóstum.

Fyrir hönd félagsins: Eva Hjörtína Ólafsdóttir og Harpa Júlía Sævarsdóttir

Fyrir hönd sambandsins: Margrét Sigurðardóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Grein 1.5.1 um yfirvinnukaup

Við grein 1.5.1 um yfirvinnukaup bætist við skýringartexti. Grein 1.5.1 hljóði svo:

- 1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki með persónuálagi er 1,0385% af mánaðarlaunum .

Grein 1.5.1 um yfirvinnu breytist á samningstímanum. Ofangreint gildir til 31. desember 2020 varðandi dagvinnufólk og til 30. apríl 2021 hjá vaktavinnufólki. Sjá fylgiskjal 2 og 3.

Standist umsamin tímasetning á framkvæmd styttingar vinnutíma ekki hjá sveitarfélagi/stofnun, fylgir breyting á grein 1.5.1 þeirri dagsetningu.

2. Grein 2.6 um vaktavinnu

Á eftir grein 2.6 um vaktavinnu bætist við eftirfarandi skýringatexti.

Sbr. fylgiskjal 3 um styttingu vinnutíma vaktavinnufólks breytist grein 2.6 á samningstímanum. Eftirfarandi gildir til 30. apríl 2021.

Standist umsamin tímasetning á framkvæmd styttingar vinnutíma ekki hjá sveitarfélagi/stofnun, fylgir breyting á grein 2.6 þeirri dagsetningu.

Fleira var ekki gert.